



Alþýðusamband Íslands

07. janúar 2009

Ályktun miðstjórnar ASÍ vegna hækkana á gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni.

Miðstjórn ASÍ mótmælir þeim miklu hækkunum sem urðu á greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni nú um áramót bæði í formi mikilla hækkana á gjaldskrá og með nýju gjaldi sem sjúklingum er nú gert að greiða við innlagnir á sjúkrahús. Þetta er gert án þess að settar séu reglur um hámarks greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Aukin gjaldtaka í heilbrigðisþjónustunni er aðför að velferðarkerfinu. Hún leggst þungt á sjúklinga og tekjulægri hópa og er til þess fallin að hindra aðgengi að þjónustunni og auka misskiptingu. Miðstjórn krefst þess að nú þegar verði settar skýrar reglur um hámarks greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni.

Miðstjórnin lýsir jafnframt áhyggjum af þeim áhrifum sem hækkanir á opinberum gjaldskrá hafa á útgjöld heimilanna og til hækkunar á verðbólgu og þar með verðtryggðum skuldum. Þetta á bæði við um hækkanir á gjaldtöku í heilbrigðisþjónustu sem og aðrar hækkanir á opinberri gjaldtöku auk hækkana á gjaldskrá sveitarfélaga sem boðaðar hafa verið.